


# Safnahelgi á Suðurlandi 6. - 8. nóvember 2009

## Matur og menning úr héraði



### Dagskrá Sjá einnig á [www.sofnasudurlandi.is](http://www.sofnasudurlandi.is)

#### Þorbergssetur á Hala í Suðursveit

Opið hús laugardag og sunnudag frá 13- 17:00

#### **Laugardagur 7. nóvember**

Kl. 14:00 Kynning á nýrri sýningu Söguslóð á Suðausturlandi

Kl. 15:00 Kaffihlaðborð

#### **Sunnudagur 8. nóvember**

Kl. 14:00 Sýning á nokkrum sérstökum munum Þorbergsseturs og sögð saga þeirra. Þar má nefna trékross frá 1904, merki-leg saga fjalhöggs sem hefur verið lengst inn í Hvannadal öldum saman, merkileg saga brodds sem notaður var síðast í göngu á Breiðamerkurjökli um 1930 og saga glerlistaverks máluðu af Ninu Tryggvadóttur o.fl.

Kl. 15:00 Kaffihlaðborð

Ókeypis á sýningar en kaffihlaðborð á 1000 kr.

#### Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri

#### **Föstudagur 6. nóvember**

Kl. 21:00 23:00 Eldprestur í öðru ljósi. Opið hús hjá

Kirkjubæjarstofu Klausturvegi 2. Aðgangur ókeypis

#### Héraðsbókasafnið á Kirkjubæjarklaustri

#### **Föstudagur 6. nóvember**

Kl. 20:00-22:00 Opið hús hjá bókasafninu. Kaffi á könnunni og konfekt á skálum. Ungir og aldnir lesa upp.

#### Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri og Hótel Geirland

#### **Laugardagur 7. nóvember**

Kl. 13:30 Kirkjubæjarstofa efnir til málþings um „Fornar byggðir og þjóðtrú í Skaftárhreppi“ á Hótel Geirlandi.

Erindi flytja: Júlíana Þóra Magnúsdóttir þjóðfræðingur og Bjarni F. Einarsson fornleifafraeðingur.

kl. 15:00-17:00 Miðdagskaffi með þjóðlegum veitingum á Hótel Geirlandi. Verð kr. 600.-

#### Félagsheimilið Kirkjuhvoll á Kirkjubæjarklaustri

#### **Laugardagur 7. nóvember**

Kl. 16:00 Tónleikar í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli.

Fram koma kirkjukór Prestsbakkakirkju, Ásakórinn og kirkjukór Breiðabólstaðarsóknar í Fljótshlíð. Aðgangur ókeypis

#### Hótel Klaustur á Kirkjubæjarklaustri

#### **Laugardagur 7. nóvember**

Villibráðarhlaðborð á Icelandair hotel Klaustri. Boðið verður upp á villbráð í sérflökki þar sem hraefni úr heimabyggð verða í öndvegi.

Verð pr. mann er 6.990.- borðpantani í síma 487 4900. Lifandi tónlist. Sértilboð á gistingu.

#### Múlakotsskóli á Síðu

#### **Sunnudagur 8. nóvember**

Kl.14:00 Múlakotsskóli á Síðu 100 ára. Afmælisamkoma þar sem rifjað verður upp eitt og annað úr sögu skólahalds og mannlífs í þessu merka húsi. Kaffiveitingar í boði heimilisfólks í Múlakoti, afkomenda skólastjóra skólans.

#### Veitingastaðurinn Ströndin við Víkurskála

#### **Laugardagurinn 8. nóvember**

Kl. 20:00 Fylaveisla Fýll var mikil búbot fyrir mörgum árum síðan og étinn einu sinni í viku á sumum bæjum allan veturinn. Í dag þykir þetta herramannsmatur og er mikil hátíð þegar fjölskyldur og vinir koma saman til að snæða fyl. Fylaveislan í Vík er einmitt hugsuð til þess að fá fólk til að koma saman. Heimamenn, brottfluttir, vinir og vandamenn hittast til að snæða fyl sem er sérstakt myrdælskt fyrirbæri. Fýllinn sem verður á borðum var veiddur og verkaður í byrjun september en er svo búinn að liggja í salti síðan. Á borðum verður fýll, kartöflur og rófur og mikið af smjöri, einnig verður í boði hangikjöt og uppstúfur til tilbreytingar. Rammíslenskur og skaftfellskur forréttur verður í boði áður en Fýllinn verður borin á borð. Þjóðþekktir skemmtikraftar stíga á svið og endað verður á lifandi tónlist fram eftir nóttu. Miðaverð er 3,500,- Miðpantani í síma 487 1230







**Minningarherbergi Jónasar Kristjánssonar læknis – opin**

Föstudagur 6. nóvember: Kl. 15:00-16:00

Laugardagur 7. nóv. og Sunnudagur 8. nóv.: Kl.13:00-15:00

Jónas Kristjánsson (f.1870) var langt á undan sinni samtíð og barðist fyrir heilbrigðum lífsháttum landsmanna. Heilsustofnun er uppskera baráttu þessa mikla atorku- og hugsjónamanns, en draumur hans réttist þegar Heilsuhelið var formlega opnað 1955. Jónas lagði sín lóð á vogarskálarnar í því skyni að gera fólki ljóst að heilsuna beri að virða og öllum sé skylt að líta í eigin barm og tileinka sér einkunnarorð Náttúrulekningarfélags Íslands: „Berum ábyrgð á eigin heilsu“. Minningarherbergi Jónasar hefur staðið óbreytt frá því að Jónas lést 3. apríl 1960, en þar bjó hann síðustu ár ævi sinnar.

**Hellisheiðarvirkjun**

Kl. 09:00-18:00 Hellisheiðarvirkjun er opin frá alla daga vikunnar.

Í tilefni Safnahelgar á Suðurlandi 6. – 8. nóvember verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá í virkjuninni.

**Föstudagskvöldið 6. nóvember**

Kl. 20:00

Kolviðarhólsdagar, frásagnir um lífið á Hólnum á árum áður. Einnig verða ljósmyndir og gamlir munir frá Kolviðarhól til sýnis.

Samgöngur og sagnir um Kolviðarhól. Þór Vigfússon sagnfræðingur heldur fyrirlestur um Kolviðarhól og samgöngur yfir Hellisheiði á fyrri tímum.

Kynning á Skjálfta og Móra frá brugghúsinu Ölvisholt

**Laugardagur 8. nóvember**

Ljósmyndir og gamlir munir frá Kolviðarhól til sýnis.

Leiðsögn um virkjunina.

**Sunnudagur 9. nóvember**

Ljósmyndir og gamlir munir frá Kolviðarhól til sýnis.

Leiðsögn um virkjunina.

Kl. 14:00-15:30 Gönguferð. Gengið frá virkjun og inn í Dauðadal. Þaðan gengið upp á Hádegishnjúk og að skíðastökkpalli við Búastein. Sagt frá Hellisheiðarvirkjun og Kolviðarhólssvæðinu. Gönguferð þessi er dálítið erfið, gengið er upp brattar hlíðar og tekur gangan ca. 1,5 klst.

Kl. 16:00-17:30 Gönguferð. Gengið frá virkjun og inn í Dauðadal. Þaðan gengið upp á Hádegishnjúk og að skíðastökkpalli. Sagt frá Hellisheiðarvirkjun og Kolviðarhólssvæðinu á fyrri tímum. Gönguferð þessi er dálítið erfið, gengið er upp brattar hlíðar og tekur gangan ca. 1,5 klst.

**Allir vilja vera með**

Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands er allt í öllu verðandi safnahelgina enda er hún framkvæmdastjóri helgarinnar og hefur séð um að setja saman dagskrána í samráði við verkefnisstjórn helgarinnar.

Dorothee, sem er frá Þýskalandi, er búsett á Löngumýri á Skeiðum. Hún hefur starfað, sem menningarfulltrúi Suðurlands síðustu þrjú ár en þar áður starfaði hún sem ferðamálafulltrúi á Vestfjörðum í 11 ár.

**Hátíðin vex frá ári til árs**

„Við viljum þjappa menningarfrumröðum á Suðurlandi saman og vekja athygli á öllu því góðu sem er í boði á svæðinu. Þetta verkefni gerir hvern og einn og svæðið í heild sinni mjög sýnilegt og skapar samkennd, hvetur til samstarfs og verður vonandi til þess að hátíðin vaxi frá ári til árs,“ sagði Dorothee þegar hún var spurð um tilgang safnahelgarinnar en þetta er annað árið í röð, sem hún er haldin. Nú er Höfn í Hornafirði með í fyrsta skipti en sveitarfélagið er innan samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga.

**Margt skemmtilegt í boði**

„Það hefur náðst mjög góð stemning fyrir safnahelginni og allir vilja vera með. Helgin í fyrri sýndi okkur hvað við eigum frábært fólk á Suðurlandi,



**Dorothee Lubecki,**  
menningarfulltrúi Suðurlands og framkvæmdastjóri safnahelgar Suðurlands 2009.

sem vinnur í kringum söfnin og veitingastaðina. Ég hvet að sjálfsögðu alla til að taka þátt í helginni því það er svo margt skemmtilegt í boði, sem mun koma heimamönnum og öðrum gestum á óvart. Er ekki upplagt að eyða helginni í ævintýraferð um Suðurland og fá að sjá, prófa og smakka það besta sem við höfum upp á að bjóða og skemmta sér í leiðinni? Ég hvet fólk til að taka þessa helgi frá hjá sér, það verður engin svikin af því,“ sagði Dorothee að lokum.

**Svo hollt og gott fyrir alla að upplifa og njóta**

Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu situr í verkefnisstjórn safnahelgarinnar. Hún hefur mikla reynslu af skipulagi ýmissa viðburða og hlakkar mikið til helgarinnar. Hún svaraði nokkrum spurningum af því tilefni.

**Hvað skoðun hefur þú á þessari helgi og hvað finnst þér almennt um að það sé verið að halda sérstaka helgi með öllum þessum uppákomum?**

„Mér finnst mjög jákvætt og skemmtilegt að halda svona viðburðahelgi. Þetta hjálpar til við að vekja athygli á þeirri óendanlega fjölbreyttu menningu sem blómstrar á svæðinu öllu. Hér er mikið af frábæru fólki að gera góða hluti á vettvangi menningar, sem íbúar og gestir njóta svo góðs af. Það hefur aldrei verið mikilvægara en einmitt nú að koma saman og njóta samveru og upplífa, fólk hefur mikla þörf fyrir það. Svo er samvinnan svo holl hún þjappar mönnum saman, sem aftur styrkir svæðið.“

**Hverju skilar svona helgi að þínu mati?**

„Svona helgi getur gefið mikið af sér þegar vel tekst til. Við erum gjarnan að líta inn á við núna og til baka, fólk er að spá í fyrir hvað Ísland stendur í raun og veru. Mörg svör við þeirri spurningu felast tvímælalaut í menningu okkar og sögu og við getum verið stolt af því. Upp úr svona



**Ásborg Arnþórsdóttir,**  
ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu.

samstarfsverkefnum spretta líka alltaf nýjar hugmyndir og þetta eflir samstöðu. Safnahelgin vekur athygli, heimamenn verða meðvitaðir og gestir koma aftur.“

**Nú er ástandið eins og það er í þjóðfélaginu. Hefur það ekkert dregið úr því að fólk og fyrirtæki vilji vera með í helginni?**

„Nei, þvert á móti ástandið hefur einmitt hleypt miklum krafti í fólk, það er reyndar mín upplifun allt þetta ár. Menn hafa spýtt í lófana og ákveðið að sækja á brattann, ekkert uppgjafarhljóð að finna aðeins ótrúlegt hugmyndaáriki og elja. Enda leyfi ég mér að segja að þetta er besta ferðasumar á okkar svæði frá landnámi.“

**Af hverju ætti fólk að taka þátt í helginni?**

„Það er svo hollt og gott fyrir alla að upplifa og njóta, við verðum miklu betri og hressari á eftir að öllu leiti. Dagskráin er svo fjölbreytt að það getur hver einasti maður fundið eitthvað við sitt hæfi. Þarna gefst tækifæri fyrir fjölskyldur að skemmta sér saman og svo er kjörið að bjóða með sér gestum.“

**Hvernig ætlar þú að eyða helginni og hvað finnst þér mest spennandi í dagskrá hennar?**

„Eins og á síðasta ári verð ég á ferðinni með fjölskyldunni og við tökum þátt í sem flestu. Það er erfitt að gera upp á milli, enda allt áhugavert, þannig að þátttakan takmarkast bara af tíma og vegalengdum. Ég ætla að vera á Skógasafni við opnunina, afmæli safnsins er merkur áfangi. Svo ætla ég að fara á Gömlu-Borg og læra að þurka mér með handklæði og hlusta á sögur.

Við heimsækjum örugglega söfnin við ströndina t.d. finnst mér vasaljósaheimsókn á Byggðasafnið spennandi, ásamt fróðlegum fyrirlestur um ýmis efni. Myndlistasýning og myndasýning verða líka á óskalista hjá okkur ásamt sögugöngu. Einhvers staðar inn á milli smakkar maður svo á gómsætum veitingum úr heimabyggð því mörg veitingahús bjóða upp á slíkt í tilefni helgarinnar,“ sagði Ásborg að lokum.



Menningarráð

Suðurlands

VAXTARSAMNINGUR  
SUÐURLANDS OG VESTMANNAEYJASamtök  
safna  
á Suðurlandi